

2. Vatnsgjald kr. 13,20 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.
3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr. orðist svo:

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 m³ kr. 5 060,00.

Hús 400—2000 m³ kr. 5 060,00 fyrir 400 m³ og kr. 4,45 á hvern rúmm. þar fram yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 12 180,00 fyrir 2000 m³ og kr. 3,15 á hvern rúmm. þar fram yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er kr. 760,00.

Heimæðagjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

8. gr. orðist svo:

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. 7. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar, 1. janúar 1981 626 stig, breytist, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

10. gr. orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 22,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 2. janúar 1981 samanber auglýsingu nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Selfoss.

I Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 2,35 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 642,00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnaði, 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnaði, 0,5 l/mín. fyrir hverja 100m³.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnaðis.

II Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 297,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" — 414,00

III Heimæðagjald.

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³, kr. 4 952,00.

400 til 2000 m³, kr. 4 952,00 af 400 m³ + kr. 4,13 á m³ þar yfir að 2000 m³.

2000 m³ kr. 11 560,00 + kr. 3,38 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 850,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 50,00.

V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306
9. október 1974, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 69,30 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 27,50 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 16,20 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 46,20 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.